



## SVEITARFÉLAGIÐ SKAGASTRÖND

Túnbraut 1-3 545 Skagaströnd

---

### Frístundakort fyrir grunnskólanema

#### ***I. Almenn um frístundakortið***

Foreldrar barna með lögheimili á Skagaströnd eiga rétt á 25 þúsund króna styrk, fyrir hvert barn á grunnskólaaldri, sem þátt tekur í íþrótt- og æskulýðsstarfi. Frístundakortin taka gildi 1. janúar ár hvert og gilda í eitt ár. Skil á gögnum vegna frístundapátttöku síðastliðins árs er í síðasta lagi 31. janúar næsta árs. Eftir það fellur réttur þess árs niður.

#### ***II. Tilgangur***

Tilgangur frístundakorta er að hvetja börn og unglinga til þátttöku í hvers konar íþrótt- og æskulýðsstarfi og að jafna möguleika foreldra til að börnum sé það mögulegt.

#### ***III. Gildistími***

Réttur til frístundakorts gildir í eitt ár og tekur gildi 1. janúar ár hvert. Skil á gögnum vegna frístundapátttöku ársins er í síðasta lagi 31. janúar næsta árs. Eftir það fellur réttur þess árs niður. Ákvörðun um frístundakort er bundin afgreiðslu fjárhagsáætlunar hvert ár.

#### ***IV. Hvaða frístundastarf***

Frístundakortin ná til starfsemi íþróttafélaga auk hverskonar skipulagðs félags- og tómstundastarfs sem stendur í sex vikur eða lengur og greitt er fyrir með þátttökugjaldi. Þar að auki gildir kortið fyrir aðra tómstundaiðkun, s.s. tónlistar- og listnám. Skilyrði til að frístundakort nái til endurgreiðslu á félags- og tómstundastarfi er þau að starfsemin sé viðurkennd af sveitarstjórn og um hana séu veittar allar þær upplýsingar sem óskað er eftir.

#### ***V. Hverjir eiga rétt***

Foreldrar með lögheimili á Skagaströnd sem eiga börn á grunnskólaaldri eiga rétt á frístundakorti, fyrir hvert barn, til niðurgreiðslu á íþrótt- og tómstundastarfi. Þegar greitt hefur verið fyrir það námskeið eða starf sem grunnskólabarn vill eða hefur tekið þátt í, er farið með kvittunina á skrifstofu sveitarfélagsins þar sem sótt er um frístundakort. Fjárhæð sem nemur verðgildi frístundakorts verður síðan endurgreidd vegna viðurkennds frístundastarfs.